



# FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Próftími: 90 mín

PRÓFGREIN: Sjú 103 Lokapróf (60% af heildareinkunn)

Dags. 16.05.2020

KENNARI: Sigrún Þórunn

Kl. 09.00 - 10.30

Nemandi: .....

Kennitala: .....

Ath. Engin hjálpargögn leyfð önnur en skriffæri og strokleður

Lesið **vandlega** yfir allar spurningar áður en þið hefjist handa við að svara.

Prófið er 100 atriði á 10 blaðsíðum auk forsíðu. Athugið hvort þið séuð með þær allar.

Vægi spurninga er mismikið. Nýtið tíma ykkar í samræmi við það.

Próftími er 90 mín

Notið baksíðurnar ef línufjöldi er ekki nægilegur.

Gangi ykkur vel.

A) **Krossaspurningar** (30). Svvaraðu með því að setja X framan við rétt svar.

Aðeins einn möguleiki kemur til greina í hverri spurningu. Rétt svar gefur 2 stig.

1. Langerhanseyjar framleiða hormón sem áhrif hafa á sykurvægi líkama. Beta frumur eyjanna mynda hormónið

- ( ) glúkagon
- ( ) insúlín
- ( ) sómatóstátín
- ( ) adrenalín

2. Stjórnstöð varmajafnvægis í mönnum er í:

- ( ) mænukylfu
- ( ) litla heila
- ( ) heilaberki
- ( ) undirstúku

3. Óhóflegur vefja- eða líffærisauki einkennist af auknum frumufjölda. Kallast þetta:

- ( ) atrophía
- ( ) hypertrophía
- ( ) hyperplasia
- ( ) metaplasía

4. Fullþroska frumur í vef fjölga sér stöðugt með mítósuskiptingu. Slíkar frumur eru kallaðar:

- ( ) óstöðugar frumur
- ( ) stöðugar frumur
- ( ) fullsérhæfðar frumur
- ( ) mastfrumur

5. Löskunaráhrif reykinga á mannslíkama eru margvísileg. Hvað af eftirtöldum sjúkdómum má með nokkru öryggi (vissu) rekja til reykinga?

- ( ) vélindiskrabbamein og gyllinæð
- ( ) æðakölkun og húðsveppasýkingar
- ( ) kransæðastífla og blöðrukrabbamein
- ( ) magasár og heilahimnubólga

6. Óheppileg áhrif mikillar magnýlneyslu (asperín) á mannslíka eru m.a.:

- ( ) hitalækkandi áhrif
- ( ) minnkar bólgu
- ( ) dregur úr höfuðverk
- ( ) veldur magabólgu

7. Æxlisgen (onkógen) eru:

- ( ) venjuleg frumugen sem mynda eðlileg frumuprótein
- ( ) gen sem stýra myndun próteina er vekja æxlivöxt
- ( ) gen sem breytast í forstigsæxlisgen (protoncogen)
- ( ) gen sem ummynda veirur í illkynja æxli

8. Þekktar orsakir æxlisvaxtar í mönnum eru:

- genaveilur
- veirusýkingar
- efnalöskun
- allt ofangreint

9. Keratosis (hornlagsauki) eru frumuskemmdir sem koma fram í:

- slímhúð lungna
- í undirhúð (forstigsbreytingar)
- í leðurhúð
- ekkert rétt af ofangreindu

10. Tinea-sýkingar eru:

- bakteríusýkingar í húð
- veirusýkingar í húð
- sveppasýkingar í húð
- áblástur af völdum Herpes

11. Langvarandi bólgumyndandi sjúkdómur. Leggst fyrst og fremst á hryggjarliði og liðbönd hryggjar. Lýsingin á best við sjúkdóminn:

- slitgigt
- iktsýki
- hryggikt
- þvagsýrugigt

12. Osteoporosis (beinþynning) er kynháður sjúkdómur. Kemur fram í fólki á miðjum aldri. Mögulegar ástæður hans eru:

- ( ) óhófleg kalkneysla
- ( ) aukin estrógen framleiðsla
- ( ) dagleg og holl hreyfing
- ( ) skortur á eðlilegum beinmassa

13. Orsakir heilablóðfalls (apoplexia cerebri) eru margvíslegar. Hvað af neðangreindu getur mögulega valdið heilablóðfalli?:

- ( ) þreyta og svimi
- ( ) vefjapurrkur og sykursýki
- ( ) lágþrýstingur (hypotensio) og kröfugt hjartapump
- ( ) kölkun í bláæðum heilans.

14. Hver eftirtaldir sjúkdómar í taugakerfi er kallaðir mergslíðursjúkdómur:

- ( ) Parkinsonsveiki og flogaveiki
- ( ) Alzheimer og heilabólga
- ( ) Heila og mænusigg
- ( ) Heilakvilli (encephalopathy) og flogaveiki

15. Eftirfarandi lýsing: " liðverkir, ljósfælni, meðvitundarleysi, hnakkastífnir" á einna best við:

- ( ) heilabólgu
- ( ) heilahristing
- ( ) heilahimnubólgu
- ( ) heilablóðfall

B) . **Tengingaspurningar** (12). Tengdu saman orð og hugtök sem best eiga saman í hægri dálki við orð og hugtök í vinstri dálki með því að merkja með viðeigandi tölu í vinstri dálk. Þrjú hugtök ganga af í hægri dálki

- |                          |                            |
|--------------------------|----------------------------|
| ( ) Acidosis             | 1) beinþynning             |
| ( ) ulcus                | 2) heilablóðfall           |
| ( ) peritonitis          | 3) sveppasýking            |
| ( ) thrombosis           | 4) botnlangabólga          |
| ( ) necrosis             | 5) sár                     |
| ( ) Clostridium tetani   | 6) sýrustig lækkar í blóði |
| ( ) hemophilia           | 7) lífhimnubólga           |
| ( ) hepatitis            | 8) segamyndun (blóðtappi)  |
| ( ) melanoma malignum    | 9) heilaæxli               |
| ( ) osteoporosis         | 10) lifrabólga             |
| ( ) fractúra             | 11) stífkrampi             |
| ( ) apoplexia cerebralis | 12) dreyrasýki             |
|                          | 13) illkynja sortuæxli     |
|                          | 14) drep                   |
|                          | 15) beinbrot               |

**c. Orðskýringar (12).**

Gerðu stuttlega grein fyrir neðangreindum meinafræðilegum hugtökum:

a. Blóðþurrðarsjúkdómar

---

---

---

---

b. Fibromyalgia

---

---

---

---

c. Psoriasis

---

---

---

---

d. Meinvarp (metastasis)

---

---

---

---

D). **Textaspurningar** (46). Athugaðu vægi spurninga og svaraðu í samræmi við það.

A. **Æxlisvöxtur/nývöxtur (neoplasia)** (10). Svaraðu eftirfarandi:

Hvaða munur er á -carinoma og -sarcoma æxlum? (3)

---

---

---

Berðu saman mismunandi hegðun góðkynja og illkynja æxlisvaxtar (7)

---

---

---

---

---

---

---

B. **Heilablóðfall**. Gerðu grein fyrir 4 mögulegum orsökum heilablóðfalls (5)

---

---

---

---

---

C. Alzheimer sjúkdómur. Tilgreindu þekktar orsakir sjúkdómsins, vefrænar breytingar sem fylgja honum og helstu sjúkdómseinkenni (7)

---

---

---

---

---

---

---

---

D. Iktsýki (arthritis rheumatoides). Hverjar eru líklegar orsakir þessa sjúkdóms? Hvaða sjúkdómseinkenni fylgja honum? (7)

---

---

---

---

---

---

---

---

E. Samvægisferli (6). Lýstu einu samvægisferli að eigin vali. Hvað einkennir það og hvað getur farið úrskeiðis ef það starfar ekki rétt?

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

F. Lýsið í stuttu máli uppbyggingu eiginlegra liðamóta og nefnið a.m.k þrjú liðamót sem hafa þessa uppbyggingu í hreyfikerfi mannsins (5)

---

---

---

---

---

---

G. Hver eru möguleg löskunaráhrif reykinga á mannlíkama, önnur en krabbamein? (6)

---

---

---

---

---

---

